

REGLUGERÐ

um greiðslu uppbótar á atvinnuleysisbætur.

1. gr.

Á árunum 1992 og 1993 skal Atvinnuleysistryggingasjóður greiða uppbót á atvinnuleysisbætur samkvæmt því sem segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Uppbótin reiknast þannig að fundið er meðaltal dagpeninga á mánuði á tímabilunum 1. febrúar til 30. apríl 1992 og 1. september til 30. nóvember 1992. Barnadagpeningar reiknast ekki með. Sú upphæð, sem þannig fæst er dregin frá kr. 80 000 miðað við fullar bætur allan viðmiðunartímamann. Viðmiðunarypphæðin lækkar í hlutfalli við bótahlutfall og fjölda bótdaga á tímabilinu. Uppbótin verður helmingur þannig fenginnar niðurstöðu.

Uppbót greiðist aðeins þeim sem við lok viðmiðunartímabils hafa notið bóta í 87 bótdaga eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

3. gr.

Atvinnuleysistryggingasjóður leggur úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta til skrá um uppbót fyrir hvern bótdag samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 1. gr. laga nr. 50/1992 um breytingar á lögum nr. 96/1990, um atvinnuleysistryggingar, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. júlí 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Guðjón Magnússon.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 125/1992 um greiðslur verðmiðlunargjalda til mjólkurbúa árið 1991.

1. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar bætist:

Þá skal við ákvörðun á verðmiðlunarþörf einstakra mjólkurbúa taka tillit til samstarfs- samninga og samninga sem mjólkurbú hefur gert við þriðja aðila um framkvæmd tiltekinna þátta við flutning, móttöku, vinnslu og markaðssetningu mjólkurvara sem telja verður að annars væri eðlilegur þáttur í rekstri og starfsemi mjólkurbúsins með hliðsjón af starfsemi annarra mjólkurbúa er verðmiðlun tekur til. Skal slíkur rekstur reiknaður sameiginlega við útreikninga skv. 4. gr.